

Með því að málskostnaðarákvæði aukaréttardómsins samþykkist, verður þannig að staðfesta hann með áminstri breytingu á refsingunni. Ákærði verður og að greiða allan áfryjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða sækjanda og hins skipaða verjanda við yfirdóminn, er ákveðst 12 kr. fyrir hvorn þeirra. Það vottast að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmat.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn skal vera óraskaður, þó svo, að refsingin sé 3×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Ákærði Steinn Óli Jónsson greiði og allan áfryjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálfærslumannanna Eggerts Claessens og Odds Gíslasonar, 12 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 25. apríl.

Nr. 6/1910:

Jón Ólafsson

gegn

Ólafi Björnssyni, Hjörleifi Þórðarsyni
og Herbert Sigmundssyni.

D ó m u r:

Í desembermánuði árið sem leið höfðaði Ólafur

Björnsson, ritstjóri blaðsins »Ísafold«, mál í bæjarþingi Reykjavíkur á hendur ábyrgðarmanni blaðsins »Reykjavík«, Jóni ritstjóra Ólafssyni, út af meiðyrðum í síðarnefndu blaði, 56. tölubl., er kom út 30. nóvbr. f. á., í grein með fyrirsögninni: »Björn að baki Kára. Ráðherra saurblaðsriti. Sonurinn leppur«. Hin átöldu ummæli voru: »Sonurinn leppur« í fyrirsögn greinarinnar, og »Í gildi, sem haldið var fyrir nokkru, varð Ólafur ráðherra-son, Ísafoldar-leppur, svo drukkinn, að hann fór að gráta brennivínsgrát og barma sér yfir leppsæfi sinni. Það er faðir minn, sem skrifar allar svívirðilegustu greinarnar í blaðið, sagði hann, og nefndi tvær greinar til dæmis«. Í máli þessu krafði Jón Ólafsson þá Hjörleif Þórðarson trésmið og Herbert Sigmundsson prentara vitnisburðar eftir skriflegum spurningum, sem fram voru lagðar á bæjarþinginu 20. janúar þ. á. Málflutningsmaður Ólafs Björnssonar mótmælti því þá, að fyrir vitnið Hjörleif Þórðarson væri lögð 3. spurning á réttarskjali nr. 26, og fyrir vitnið Herbert Sigmundsson spurningarnar nr. 4—6 í réttarskjali nr. 25, sem stýlaðar voru til þessa vitnis, með því að þessar spurningar og svör vitnanna gætu eigi þýtt neitt fyrir úrslit málsins. Dómarinn úrskurðaði sama dag með 2 úrskurðum, að mótmæli þessi bæri að taka til greina og að umgetnar spurningar skyldu eigi lagðar fyrir vitnin.

Þessum úrskurðum hefir Jón Ólafsson skotið til yfirdómsins með stefndu dags. 5. febr. þ. á., og krafist þess, að þeim verði hrundið, að téð vitni verði skylduð til að svara umþrættum spurningum, og stefndi, Ólafur Björnsson ritstjóri, verði dæmdur til að greiða sér málskostnað fyrir yfirdómi. Stefndi krefst hins vegar, að hinir áfrý-

juðu úrskurðir verði staðfestir, að áfrýjandi verði dæmdur í sekt fyrir óþarfa málsýfingu, óþarfar vífilengjur og misbrúkun dómstólanna, og skyldaður til að greiða sér málskostnað eftir mati yfirdómsins, hvernig sem málið fer.

Spurning sú, er dómarrinn synjaði um að leggja fyrir vitnið Hjörleif Þórðarson, er þess efnis, hvort stefndi hafi í gildinu, sem getið er í hinni umstefndu blaðgrein, verið ölvaður að sjá. Spurning sama efnis var áður lögð fyrir 2 vitni í málinu, sem svöruðu henni mótmælalaut af stefnda hálfu, og virðist hann með því hafa samþykkt, að eigi sé þýðingarlaust, hvort vitnið svarar spurningu þessari. Fyrir því var eigi næg ástæða til að synja áfrýjanda um að leggja spurninguna fyrir vitnið; verður því að fella þar að lútandi úrskurð úr gildi, og ber dómarranum að leggja 3. spurninguna á réttarskjali nr. 26 fyrir vitnið Hjörleif Þórðarson.

Þær 3 spurningar, se.n áfrýjanda var synjað um að leggja fyrir vitnið Herbert Sigmundsson, lúta að því, hvort vitnið hafi sett (í prentsmiðjunni) eða séð nokkra grein með rithönd Björns Jónssonar ráðherra, er síðar hafi komið út í blaðinu, án nafns hans, eða hvort vitnið að öðru leyti þekki atvik, er bendi til þess, að Björn Jónsson hafi skrifað greinar í Ísafold síðan Ólafur Björnsson tók við blaðinu, þær, er ekki væru með nafni Björns Jónssonar. Með því að fá þessum spurningum svarað hygst áfrýjandi að geta réttlætt eða afsakað orðið »leppur«, er hann hefir viðhaft um stefnda.

Orðið »leppur« í því sambandi, sem það er viðhaft um stefnda í hinni átöldu blaðagrein, merkir það, að hann sé ritstjóri Ísafoldar að eins að nafninu til, en ráði engu um stefnu blaðsins og efni. En hvort þessi lýsing á

afstöðu stefnda til nefnds blaðs sé rétt, geta áðurgreindar spurningar til vitnisins Herberts Sigmundssonar ekki skor-
ið úr, þó að vitnið kvæði já við þeim, því að það verður
ekki álitinn vottur um ósjálfstæði ritstjórans, þó að ann-
ar maður riti ýmsar greinar í blaðið nafnlausar. Þessar
spurningar út af fyrir sig gátu því eigi skift máli. En
áfrýjandi heldur því og fram, að spurningarnar, hefði
vitnið fengið að svara þeim, mundu þó í sambandi við
aðra vitnisburði, sem hann ætlaði að fá í sama réttar-
haldi, geta haft verulega þýðingu fyrir málstað hans. En
af spurningum þeim, sem vitnum þessum var ætlað að
svara, og undanfarinni vitnaleiðslu í málinu, verður það
eigi séð, að neinar líkur séu til, að skýrslur vitnanna í
sambandi við framburð vitnisins Herberts Sigmundssonar
hefðu borið þann árangur, sem áfrýjandi gjörir sér von
um, að sýna fram á, að það sé réttmætt, að viðhafa orð-
ið »leppur« um stefnda.

Það verður samkvæmt þessu að telja rétt, að dómari-
inn úrskurðaði, að eigi skyldi leggja spurningarnar 4—6
á réttarskjali nr. 25 fyrir vitnið Herbert Sigmundsson,
og ber að staðfesta þann úrskurð.

Eftir málavöxtum virðist rétt, að málskostnaður fyrir
yfirdómi falli niður.

Framangreindar kröfur stefnda um sekt á hendur
áfrýjanda þykir eigi ástæða til að taka til greina.

Því dæmist rétt vera:

Úrskurður bæjarþingsins, er snertir vitnið Hjör-
leif Þórðarson, er úr gildi feldur, og ber dómara-

um að leggja 3. spurningu á réttaskjali nr. 26 fyrir nefnt vitni. Úrskurður sama réttar, er snertir vitnið Herbert Sigmundsson, á að vera óraskaður.

Málkostnaður falli niður.

Nr. 9/1910:

Réttvísun

gegn

Vilhelmínu Hjaltadóttur.

D ó m u r:

Með aukaréttardómi Ísafjarðarsyslu, uppkveðnum 7. desbr. f. á., var hin ákærða Velhilmína Hjaltadóttir, gift kona í Hnífsdal, dæmd til refsingar, einfalds fangelsis í 14 daga, eftir 286. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869 og til að greiða allan sakarkostnaðinn í héraði, þar á meðal 8 kr. í málsvarnarlaun fyrir aukaréttinum. Dómi þessum hefir verið áfrýjað til yfirdómsins eftir ósk hinnar ákærðu.

Hin ákærða er í máli þessu sökuð fyrir að hafa valdið eldsvoða með því að gæta ekki almennrar várkárni, og er það í þessu efni sannað í málinu, að hús það, er hún og maður hennar Helgi Kristjánsson áttu í Hnífsdal, brann til kaldra kola um dagtíma 2. júlí f. ár, og töluvert af lausafé, er þau hjónin áttu og aðrir, er í húsinu bjuggju, en eldurinn kom upp á þá leið, að ákærða, er ætlaði að elda í eldavelinni í húsinu, helti steinolíu á spýtur, er hún notaði til uppkveikju, lagði þær í vélina